





ORIO6

ÁRSSKÝRSLA



ORIO6

ÁRSSKÝRSLA

Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur

Umsjón og ábyrgðarmaður: Kolbeinn Bjarnason

Ljósmyndir: Úr myndasafni Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Orkuveitu Reykjavíkur,
Þjóðminjasafns Íslands, Borgarskjalasafns Reykjavíkur
og Landsbókasafns - Háskólabókasafns

Hönnun útlits og umbrot: Ámundi og Halla Björk Kristjánsdóttir

Prentvinnsla: Prentmet

Prófarkalestur: Skjal ehf.

Skrá yfir útgefnar skýrslur, greinar og erindi ársins 2006:

Alfa Kristjánsdóttir og Björk Guðlaugsdóttir

Skýrsluna má afrita og nýta úr henni upplýsingar ef þess er getið í heimildaskrá.

ISSN 1670-4983

Efnisyfirlit


5	Ávarp stjórnarformanns: Í forystu í umhverfismálum
6	Ávarp forstjóra: Viðburðaríkt ár
8	Lykilstærðir - móðurfélag
10	Lykiltölur - samstæða
11	Lykilhlutföll - samstæða
13	Fjármál
15	Samstæðureikningar 2006
36	Útgefnar skýrslur, greinar og skrár yfir erindi árið 2006
37	Skýrslur og greinargerðir unnar fyrir Orkuveituna
40	Greinar og erindi um Orkuveitu Reykjavíkur

Myndir skýrslunnar eru fengnar úr sögum Rafmagnsveitu, Hitaveitu og Vatnsveitu Reykjavíkur.

Forsíðumynd:

Vatnsberarnir þóttu oftar en ekki kynlegir kvistir.

Vinnan var enda erfið og kaupið lágt.



Ávarp
stjórnarformanns

Í forystu í umhverfismálum

Árið 2006 voru nýir tónar slegnir í stefnumörkun Orkuveitu Reykjavíkur með tilkomu nýs meirihluta í stjórn fyrirtækisins. Orkuveita Reykjavíkur er umhverfisfyrirtæki. Tilgangur þess og hlutverk er að bæta lífsskilyrði fólks og fyrirtækja með því að miðla til þeirra af landsins gæðum. Í raun má segja að starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur gangi út á einn hlut: að miðla vatni! Köldu vatni til neyslu og brunavarna, heitu vatni til húshitunar og gufu til framleiðslu á raforku. Í ársbyrjun má svo segja að hringnum hafi verið lokað þegar fyrirtækið tók við rekstri fráveitna í þeim sveitarfélögum sem eiga Orkuveituna. Þannig er fyrirtækið drifkraftur hringrásar þar sem hlutverkið er að byggja brú milli samfélags og náttúru.

Þessu hlutverki fylgir mikil ábyrgð, bæði gagnvart samfélaginu og náttúrunni. Samfélagsleg ábyrgð birtist í því að gerðar eru réttmætar kröfur um gæði framleiðslunnar og öryggi afhendingar. Á sama hátt eru gerðar réttmætar kröfur um að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við náttúruna.

Nýjar áherslur

Ný stjórn sem tók við að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí ákvað í fullu samræmi við forystuhlutverk Orkuveitu Reykjavíkur að skerpa áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum og var samþykkt að endurskoða starfsemi fyrirtækisins með það fyrir augum að gera umhverfismálum hærra undir höfði. Jafnframt var gripið til ýmissa beinna aðgerða til að efla umhverfisþáttinn í starfsemi OR. Uppbyggingaráformum við Úlfliðsvatn var breytt vegna umhverfis- sjónarmiða og ákveðið var að meira en helmingur bílafloata fyrirtækisins skyldi ganga fyrir umhverfisvænna eldsneyti innan nokkurra ára. Þá ákvað stjórn Orkuveitunnar að leggja 100 milljónir króna árlega til umhverfis- og orkurannsóknna.

Umhverfis- og orkurannsóknasjóður Orkuveitu Reykjavíkur hefur vakið verðskuldaða athygli. Til hans var stofnað með aðild sjö háskóla á veituvæði fyrirtækisins. Markmiðið með sjóðnum er að tryggja samkeppnisforskot Orkuveitu Reykjavíkur með því að veita fyrirtækinu aðgang að bestu þekkingu og tækniframförum á hverjum tíma. Liður í því er að beina áhuga ungs vísindafólks að umhverfis- og orkumálum.

Hin alþjóðlega umræða um orkumál síðustu mánuði er samhljóma þeim nýju áherslum Orkuveitu Reykjavíkur að orku-, auðlinda- og umhverfismál verði ekki aðskilin. Þess vegna er eftirspurnin eftir þekkingu okkar Íslendinga svo mikil sem raun ber vitni. Með stofnun Umhverfis- og orkurannsóknasjóðsins leggur Orkuveita Reykjavíkur sitt af mörkum til að Íslendingar með sínar miklu auðlindir og þekkingu á umhverfisvænni nýtingu þeirra verði áfram leiðandi á alþjóðavettvangi.

Orkuveitan er þekkingarfyrirtæki

Áþreifanlegt dæmi um framlag Orkuveitunnar í þessum efnum er þegar ný hitaveita leysti kol af hólmi við kyndingu í Xiayang í Kína í desember síðastliðnum. Verkefnið er samstarfsverkefni með Enex og Glitni og ýtti undir þá gleðilegu þróun að fleiri íslenskir fjárfestar ákváðu að hasla sér völl í útflutningi á íslenskrri þekkingu á sviði umhverfisvænna orkugjafa. Þekkingu sem byggð hefur verið upp hér á landi síðustu áratugi.

Verkefnin í Kína eru á meðal fjölmargra sem Orkuveita Reykjavíkur tekur þátt í á alþjóðavettvangi í gegnum aðild sína að Enex, sem er samstarfsvettvangur íslenskra fyrirtækja sem búa yfir orkuþekkingu.

Fjöldi fólks sem er leiðandi í stjórn málaumræðu heimsins lét loftslagsmál til sín taka á síðasta ári. Beindust þá sjónir að þeirri staðreynd að 72% frumorkunotkunar á Íslandi er frá umhverfisvænum orkugjöfum. Hin íslenska leið í orkumálum vakti því mikla athygli og tók Orkuveitan á móti fjölda erlendra gesta sem vildu nýta okkar dýrmætu og verðmætu reynslu.

Okkur hættir til að halda að nýting jarðhita á Íslandi hafi verið sjálfsögð. Það var hún ekki. Jarðhita er að finna um gervalla heimsbyggðina og fjölmargar þjóðir, sem nú sjá fram á ögrandi verkefni við aðlögun orkunotkunar sinnar að alþjóðlegri stöðu umhverfismála, hefðu getað nýtt sér jarðhita til orkuöflunar. Það var fyrir framsýni frumkvöðla á síðustu öld að Íslendingar eru nú í forystu í umhverfisvænni orkuöflun. Við áttum val og völdum rétt.

Framsækin þekkingarleit er hlutverk hins nýja Umhverfis- og orkurannsóknasjóðs. Á meðal þeirra verkefna sem sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á að fjármagni verði veitt til eru hugmyndir um að hægt sé að binda koltvísýring úr andrúmsloftinu í basískum jarðlögum. Rannsóknir fara fram á athafnasvæði Orkuveitunnar á Hellsheiði og gangi þær vel kunna niðurstöðurnar að valda byltingu í baráttunni við að draga úr gróðurhúsa-lofttegundum í andrúmsloftinu. Þá er einnig sérstaklega óskað eftir umsóknum til rannsókna á lagningu raflína í jörð, en mikil eftirspurn er eftir slíkri lausn, og loks má nefna nýtingu vetnis í samgöngum.

GUÐLAUGUR ÞÓR
ÞÓRÐARSON
stjórnarformaður



Ávarp
forstjóra

Viðburðaríkt ár

Árið 2006 var viðburðaríkt í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur. Ný virkjun var tekin í notkun, fráveiturstur hófst formlega hjá fyrirtækinu og framlegð þess var góð. Þá fékk rekstur og fjármál fyrirtækisins alþjóðlega vottun með úttekt matsfyrirtækisins Moody's, sem gaf Orkuveitunni lánshæfiseinkunnina Aa2. Einkunnin er sú þriðja besta sem gefin er í slíku mati. Það var í fyrsta skipti sem fyrirtækið gekkst undir slíkt mat og það var mikilvægt og gagnlegt að fá þessa alþjóðlegu sérfræðinga til að fara í gegnum reksturinn og vitaskuld ánægjulegt að fá þetta góða mat á styrk fyrirtækisins, rekstri þess og áætlunum.

Ný virkjun

Það var hátíðleg stund þegar tvær fyrstu aflvélar Hellisheiðarvirkjunar voru formlega teknar í notkun 21. október síðastliðinn og óskaði Geir H. Haarde forsætisráðherra fyrirtækinu velfarnaðar í ávarpi sínu við þetta tækifæri. Upphafleg ástæða þess að ráðist var í smíði virkjunarinnar var aukin heitavatnsþörf á höfuðborgarsvæðinu. Framleiðsla á heitu vatni mun hefjast á Hellisheiði árið 2009. Miklar fjárfestingar fylgja því að hefja framleiðslu á nýjum stað, ekki einungis í orkuverinu sjálfu heldur ekki síður í nýrri lögn til höfuðborgarsvæðisins. Hagkvæmni samvinnnaðrar framleiðslu raforku og heits vatns gerir það hinsvegar að verkum að útlit er fyrir að viðskiptavinir Orkuveitunnar verði ekki varir við þetta í verðlagningu. Í árslok 2007 verður skipting rafmagnsframleiðslu á Hellisheiði sú að um þriðjungur hennar mun fara á almennan markað en tveir þriðju hlutar til stórkaupenda.

Ný hitaveitulögn verður lögð í jörðu, ólíkt Nesjavallalögninni, en lagnir í kringum Hellisheiðarvirkjun settu svip á umræðu um framkvæmdina á árinu 2006. Virkjunin stendur í þjóðleið og undir lok ársins efndi Orkuveitan til samkeppni um það hvernig best færi á frágangi lagna á virkjanasvæðinu. Þá komst umræða um raflinur í jörðu í brennidepil. Í þeim efnun tók Orkuveitan forystu þegar 13 kílómetrar af raflögninni frá Nesjavallavirkjun voru lagðir í jörðu.

Fráveiturstur hófst

Í ársbyrjun tók Orkuveitan við rekstri fráveitnanna í Reykjavík, á Akranesi og í Borgarbyggð. Það afrek vannst að nokkrum mánuðum eftir að fyrirtækið tók við rekstrinum var vottun á rekstri veitnanna lokið. Þar með urðu þær fyrstu vottuðu fráveitur á landinu og með þeim fyrstu í heiminum sem njóta alþjóðlegrar umhverfis-, gæða- og öryggisvottunar, auk þess að hafa tekið upp og fengið s.k. HACCP eða GAMES-vottun. Hún byggist á greiningu áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða og er afar fátítt að fráveitur njóti slíkrar vottunar.

Undir lok ársins 2006 keypti Orkuveitan fráveituna á Álftanesi, en hafði áður tekið við vatnsveitunni í byggðarlaginu.

Síðustu veiturnar vottaðar

Með vottun á rekstri fráveitnanna og gagnaveitunnar á árinu 2006 var þeim áfanga náð að allar veitur Orkuveitu Reykjavíkur njóta nú óháðrar vottunar m.t.t. umhverfismála, öryggismála og gæðamála. Auk þess nýtur starfsemi vatnsveitu og fráveitu Orkuveitunnar sérstakrar vottunar og er brautryðjandi á því sviði. Vottunarskilríki þessu til staðfestingar voru afhent í nóvember og uppfyllir starfsemin kröfur staðlanna ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001. Vatnsveita Orkuveitunnar varð fyrsta vatnsveita í heimi til að taka upp og fá viðurkennt GAMES-kerfi árið 1997.

Á síðustu árum hefur veitum í rekstri Orkuveitunnar fjölgað mjög, en starfsemi fyrirtækisins nær nú til 20 sveitarfélaga á sunnan- og vestanverðu landinu. Á þessu svæði rekur fyrirtækið rafveitu, hitaveitur, vatnsveitur, fráveitur og gagnaveitu. Allir þessir rekstrarþættir í öllum sveitarfélögum njóta nú vottunar en í því felst að umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins og stjórnun þess í öryggismálum og gæðamálum standast strangar alþjóðlegar kröfur sem settar eru fram í stöðlum þar að lútandi.

Stækkað þjónustusvæði

Í ársbyrjun 2006 lauk gildistökuferli nýrra raforkulaga og almenningur gat valið sér raforkusala. Nokkru fyrr var Orkuveitan farin að selja raforku til fyrirtækja víðsvegar um land, en um áramótin taldist landið allt orðið markaðssvæði Orkuveitunnar gagnvart almenningi. Samkeppnismarkaðurinn er enn að mótast en staða Orkuveitunnar á honum mun styrkjast talsvert þegar ný lágbrýstivél Hellisheiðarvirkjunar verður tekin í notkun haustið 2007. Öll orka frá henni, 33 MW, mun verða seld á almennum markaði. Það hefur vissulega sett mark sitt á hinn nýja raforkumarkað að flestir smásalarnir þurfa að kaupa verulegan hluta raforku sinnar af einum og sama heildsalanum. Með vaxandi eigin orkuöflun Orkuveitunnar fyrir almennan markað mun samkeppnisstaða hennar styrkjast og hún geta boðið trygga, viðtæka þjónustu á samkeppnishæfu verði.

Auk fráveitnanna, sem áður var getið, bættust einnig vatnsveitur við rekstur Orkuveitunnar á árinu 2006. Voru þær einkum í Borgarfirði og þar er einnig hitaveita sem keypt var, þ.e. hitaveita Skorradals. Eftirspurn eftir því að Orkuveitan taki við rekstri veitna af sveitarfélögum eða einkaaðilum er talsverð. Á það sérstaklega við veitur sem krefjast munu verulegra fjárfestinga á næstu árum.

Því má reikna með að fyrirtækið taki við rekstri fleiri veitna, mestmegnis innan núverandi veitusvæðis.

Í takt við áherslur nýrrar stjórnar á kjarnastarfsemi Orkuveitunnar var ákveðið að flytja rekstur gagnaveitu í sérstakt félag í lok árs. Var með því einnig komið til móts við ábendingar yfirvalda þar að lútandi. Gagnaveita Reykjavíkur ehf. var stofnuð, en markmið hennar er ljósleiðaravæðing heimila og fyrirtækja. Gagnaveitan er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

Gott lánshæfismat

Um síðustu áramót hlaut Orkuveitan lánshæfiseinkunnina Aa2 hjá alþjóðlega matsfyrirtækinu Moody's. Að baki matinu lá mikil greiningarvinna hjá starfsmönnum Orkuveitunnar sem skilaði sér í þeirri einkunn sem fyrirtækið fékk, ekki síður en í bættum rekstri. Að því leyti er matsferlið svipað vottunarferlinu; við litum í eigin barm með það fyrir augum að greina hvernig við gerum hlutina og koma auga á hvað við getum gert betur. Það er athyglisvert hvað umhverfismál og sterk ímynd Orkuveitunnar í umhverfissvænni orku og umgengni við náttúruna eru farin að skipta miklu máli í mati á öllum þáttum starfseminnar, en Moody's lýsti Orkuveitunni einmitt sem alhliða veitufyrirtæki sem einbeiti sér að umhverfissvænni orkuframleiðslu úr jarðhita.

Þegar Orkuveitan gekkst undir lánshæfismatið höfðu sjö aðilar á Íslandi gengist undir alþjóðlegt lánshæfismat, þar á meðal stærstu fjármálfyrirtækin. Orkuveita Reykjavíkur fékk bestu einkunn þessara fyrirtækja, ef frá eru skilin þau sem njóta ríkisábyrgðar.

Á árinu 2006 var sett á stofn innri endurskoðun OR. Það er í takt við auknar kröfur, m.a. frá hagsmunaaðilum, um að staðfest sé að innra eftirlit sé í góðu lagi á hverjum tíma.

Traustur rekstur – sterk staða

Rekstur Orkuveitu Reykjavíkur hefur aldrei skilað eins miklu veltufé og á árinu 2006, eða 8,5 milljörðum króna. Eins og ársreikningurinn ber með sér er fjárfestingargeta fyrirtækisins mikil og er hún nýtt til að efla framleiðslugetu þess og dreifikerfi. Gróskumikil uppbygging í íbúðar- og atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hefur kallað á verulegar nýframkvæmdir af hálfu Orkuveitunnar. Með því að hverfin byggjast hratt upp líður hinsvegar skammur tími frá því að ráðist er í fjárfestinguna og þar til hún fer að skila tekjum.

Hið sama má segja um uppbyggingu raforkuframleiðslunnar á

Hellisheiði. Einn af kostum þess að framleiða raforku úr jarðvarma er áfangaskipting uppbyggingarinnar. Fyrstu áfangarnir fara að skila tekjum að tiltölulega skömmum tíma liðnum meðan hinir síðari eru enn í byggingu.

Gengisáhrif á niðurstöðu ársreiknings Orkuveitunnar fyrir 2006 eru veruleg þar sem staða íslensku krónunnar um áramót var fremur veik. Með auknum tekjum af raforkusölu til stóriðju í erlendri mynt fer gengisáhætta í rekstrinum þó minnkandi. Rétt er að benda á, að til lengri tíma litið er fjármögnun með erlendum lánnum talsvert hagkvæmari en hefði fjárfestingin alfarið verið fjármögnuð á íslenskum markaði.

Orkuveita Reykjavíkur stendur traustum fótum í íslensku þjóðfélagi. Lykillinn að því er að starfa í sátt við umhverfi sitt – samfélag og náttúru. Á síðasta ári var lagður grunnur að mótun stefnu um ábyrgð fyrirtækisins gagnvart því samfélagi sem það starfar í.

Orkuveitan hefur á hverju ári undanfarin sex ár gert skýrslu um frammistöðu sína í umhverfismálum og er fyrirtækið brautryðjandi á því sviði. Góð umgengni við umhverfið er hinsvegar einungis einn þáttur þeirrar ábyrgðar sem fyrirtækið telur sig bera gagnvart umhverfi sínu. Í umhverfisskýrslunni nú í ár getur því ekki einungis að líta yfirlit yfir frammistöðu fyrirtækisins í samskiptum við náttúruna heldur einnig áhrif starfsemi þess á samfélagið. Nær það jafnt til íbúa sveitarfélaganna á veitusvæðinu, starfsmanna fyrirtækisins, ferðafólks á umráðasvæðum þess og fleiri hagsmunaaðila. Er það von Orkuveitu Reykjavíkur að samantekt á samfélagslegum áhrifum fyrirtækisins verði öðrum fyrirmynd, rétt eins og gerð umhverfisskýrslunnar var á sínum tíma.

Þannig hefur Orkuveita Reykjavíkur markað sér stefnu til að starfsemi hennar verði markvissari gagnvart umhverfinu og samfélaginu og að árangur þeirrar stefnumótunar verði mælanlegur.

GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON
forstjóri



Lykilstærðir - móðurfélag

	Eining	Tími	2005	2006	Breyting
Íbúar á orkuveitusvæði rafmagns	fjöldi	1. des.	166.599	169.872	2,0%
Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu	fjöldi	1. des.	190.145	193.849	1,9%
Íbúar á vatnsveitusvæði með heildsólusv.	fjöldi	1. des.	163.913	167.217	2,0%
Íbúar á vatnsveitusvæði án heildsólusv.	fjöldi	1. des.	125.827	128.025	1,7%
Orkusala rafmagns	GWh	Yfir árið	958	1.043	8,9%
Orkusala hita	milljón m ³	Yfir árið	71,5	74,2	3,8%
Selt kalt vatn samkvæmt mælum, aukavatnsgjald	milljón m ³	Yfir árið	9,3	10,8	16,1%
Selt kalt vatn í heildsölu	milljón m ³	Yfir árið	5,8	5,8	0,0%
Meðalverð rafmagns (án vsk.) ¹	kr./kWh	Yfir árið	6,67	6,65	-0,3%
Meðalverð heits vatns (án vsk.) ¹	kr./m ³	Yfir árið	67,78	67,14	-0,9%
Fastir starfsmenn OR í árslok	fjöldi	31. des.	525	560	6,7%
Fjöldi ársverka	fjöldi	Yfir árið	566	625	10,5%
Raforkuframleiðsla uppsett afl	MW	31. des.	132,2	221,9	67,9%
Heildarframleiðsla á rafmagni	GWh	Yfir árið	817,1	1.242	52,0%
Mesta raforkuafþörf, höfuðborgarsvæði ²	MW	Yfir árið	186,2	194,4	4,4%
Orkuöflun raforku, höfuðborgarsvæði ²	GWh	Yfir árið	1.000,8	1.050,4	5,0%
Mesta raforkuafþörf á Akranesi	MW	Yfir árið	9,6	9,8	2,1%
Orkuöflun raforku á Akranesi	GWh	Yfir árið	49,0	52,3	6,7%
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksafkastageta	m ³ /klst	31. des.	17.993	17.993	0,0%
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksálag ³	m ³ /klst	Yfir árið	13.700	14.000	2,2%
Heildarframleiðsla á heitu vatni	milljón m ³	Yfir árið	72,4	72,7	0,4%
Framleiðsla á köldu vatni, hámarksafkastageta	l/s	31. des.	1.873	2.026	8,2%
Heildarframleiðsla á köldu vatni	milljón m ³	Yfir árið	27,5	28,7	4,4%
Aðveitustöðvar	fjöldi	31. des.	12	13	8,3%
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafli	MVA	31. des.	479	504	5,2%
Dreifistöðvar á jörðu	fjöldi	31. des.	709	735	3,7%
Dreifistöðvar í stólpum	fjöldi	31. des.	110	110	0,0%
Dreifistöðvar á jörðu, uppsett afl	MVA	31. des.	512,4	534	4,2%
Dreifistöðvar í stólpum, uppsett afl	MVA	31. des.	6,9	7,0	1,4%

	Eining	Tími	2005	2006	Breyting
132 kV jarð- og sæstrengir	km	31. des.	45,2	45,2	0,0%
66 kV jarðstrengir	km	31. des.	17,1	17,1	0,0%
33 kV jarðstrengir	km	31. des.	16,3	16,3	0,0%
6-11 kV jarðstrengir	km	31. des.	652,3	690	5,8%
132 kV loftlinur	km	31. des.	24,5	24,5	0,0%
66 kV loftlinur	km	31. des.	35,0	35,0	0,0%
33 kV loftlinur	km	31. des.	4,4	4,4	0,0%
22 kV loftlinur	km	31. des.	0	0	
6-11 kV loftlinur	km	31. des.	118,8	118,8	0,0%
400/230 V jarðstrengir	km	31. des.	3.408,6	3.527,7	3,5%
400/230 V loftlinur	km	31. des.	63,6	52,3	-17,8%
Heildarlengd hitaveitulagna	km	31. des.	2.496,2	2.698,2	8,1%
Heildarlengd kaldvatnslagna	km	31. des.	1.091,8	1.166,2	6,8%
Heimtaugar, rafmagn	fjöldi	31. des.	31.299	31.680	1,2%
Heimæðar, heitt vatn	fjöldi	31. des.	33.188	35.363	6,6%
Heimæðar, kalt vatn	fjöldi	31. des.	21.520	23.422	8,8%
Rafmagn - veitur/mælar	fjöldi	31. des.	90.706	92.634	2,1%
Heitt vatn - veitur/mælar	fjöldi	31. des.	47.170	49.761	5,5%
Kalt vatn - veitur/mælar	fjöldi	31. des.	2.245	2.203	-1,9%
Fjöldi truflana í:					
- Aðveitu- og háspennudreifikerfi	fjöldi	Yfir árið	82	84	2,4%
- Lágspennudreifikerfi	fjöldi	Yfir árið	523	597	14,1%
Götuljósastólpar	fjöldi	31. des.	37.591	38.649	2,8%
Ljósþúnaðir í götulýsingu	fjöldi	31. des.	39.813	40.934	2,8%
Afl ljósþúnaða í götulýsingu	kW	31. des.	6.223	6.393	2,7%

¹ Með fastagjaldi

² Með ótryggri orku

³ Án jaðarveitna

Lykiltölur - samstæða

	Eining	Tími	2005	2006	Breyting
TEKJUR					
Hitaorkusala	mkr.	Yfir árið	4.797	5.105	6,4%
Raforkusala	mkr.	Yfir árið	6.643	7.865	18,4%
Vatnssala	mkr.	Yfir árið	1.518	1.640	8,1%
Fráveita	mkr.	Yfir árið		1.867	
Gagnaflutningur	mkr.	Yfir árið	378	397	5,1%
Aðrar tekjur	mkr.	Yfir árið	1.392	1.227	-11,9%
	mkr.		14.728	18.101	22,9%
GJÖLD					
Orkukaup	mkr.	Yfir árið	3.124	3.425	9,6%
Annar rekstrarkostnaður	mkr.	Yfir árið	5.064	6.140	21,2%
Afskriftir	mkr.	Yfir árið	3.237	4.573	41,3%
	mkr.		11.424	14.138	23,8%
Fjárm.liðir og áhrif dótturfélaga	mkr.	Yfir árið	1.055	-9.498	-1000,3%
EIGNIR					
Orkuver og veitukerfi	mkr.	31. des.	72.596	120.446	65,9%
Aðrar eignir	mkr.	31. des.	11.839	10.290	-13,1%
Skattinneign	mkr.			2.414	
Veltufjármunir	mkr.	31. des.	3.604	4.139	14,8%
	mkr.		88.039	137.289	55,9%
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ					
Eigið fé	mkr.	31. des.	48.213	66.555	38,0%
Hlutdeild minnihluta í dótturfyrirtækjum	mkr.	31. des.	85	116	37,2%
Lífeyrisskuldbinding	mkr.	31. des.	270	351	30,1%
Langtímaskuldir	mkr.	31. des.	34.755	61.265	76,3%
Skammtímaskuldir	mkr.	31. des.	4.717	9.002	90,9%
	mkr.		88.039	137.289	55,9%

Lykilhlutföll - samstæða

	2005	2006
Hagnaðarhlutfall	29,6%	-9,7%
Arðsemi eigin fjár	9,7%	-3,1%
Hagnaðarstig	21,4%	21,2%
Nýting fjármagns	16,7%	13,2%
Hlutfall útistandandi sölu	15,3%	15,2%
Eiginfjárlutfall	54,9%	48,6%
Veltufjárlutfall	0,76	0,46
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstrartekjum	38,8%	36,7%
Fjárfesting sem hlutfall af veltu	79,2%	103,1%
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (mkr.)	6,540	8,536
Arðsemi eigna	5,0%	-1,3%
Vaxtagreiðsluhlutfall	6,01	3,89

Fjármál

Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2006 hefur að geyma samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja. Á árinu var tap af rekstri Orkuveitunnar 1.756 milljónir króna en hagnaður ársins 2005 nam 4.359 milljónum króna. Rekstrarhagnaður án afskrifta og vaxta (EBITDA) var 8.536 milljónir á árinu og var 30,5% hærrí en á árinu 2005.

Rekstur

Rekstrartekjur samstæðunnar voru 18.101 milljónir króna á árinu 2006 og hófðu hækkað um 22,9% frá fyrra ári. Rekstrargjöld samstæðunnar námu 14.138 milljónum króna árið 2006 en voru 11.424 milljónir árið áður. Af rekstrargjöldum ársins vega afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna þyngst, en þær voru 4.573 milljónir króna en 3.237 milljónir kr. árið áður.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 9.466 milljónir króna árið 2006 en voru jákvæðir um 1.067 milljónir á árinu 2005. Vaxtatekjur voru 159 milljónir króna á árinu en þær voru 171 milljón krónur árið áður. Vaxtagjöld voru 2.197 milljónir króna sem er riflega tvöföldun á vaxtagjöldum fyrra árs sem námu 1.088 milljónum króna. Gengistap ársins nam 8.220 milljónum króna en árið áður var gengishagnaður 1.945 milljónir króna.

Efnahagur og sjóðstreymi

Í árslok 2006 námu heildareignir samstæðunnar 137.289 milljónum króna en voru 88.039 milljónir árið áður. Aukning milli ára nam um 55,9%. Heildarskuldir voru í árslok 2006 um 70.618 milljón krónur en voru 39.741 milljónir í árslok 2005. Aukning milli ára nam um 77,7%. Langtímaskuldir í árslok 2006 námu 61.616 milljónum króna, en voru 35.025 milljónir króna í árslok 2005. Nýjar lántökur vegna virkjana og annarra fjárfestingafrákvæmda á árinu námu 15.441 milljón króna.

Í árslok 2006 nam eigið fé Orkuveitunnar um 66.555 milljónum króna. Eiginfjárhlutfallið var 48,6%, en var 54,9% árið 2005.

Á árinu 2006 skilaði rekstur fyrirtækisins um 6.620 milljónum króna í handbæru fé og jókst það um 27,8% frá árinu áður.


Á árinu var greiddur arður til eigenda að fjárhæð 1.462 milljónir króna.

Fjármögnun

Á árinu 2006 samdi Orkuveita Reykjavíkur um ný lán að fjárhæð 115 milljónir evra og er lánstími þeirra allt að 30 árum. Á árinu var dregið á ný og eldri lán að fjárhæð 172 milljónir evra, eða um 15,5 milljarða. Einnig var á árinu samið um veltilánalínu að fjárhæð 100 milljónir evra, sem samsvarar 9,4 milljörðum króna í árslok og var lánan ónýtt í árslok.

Áhættustýring

Meginviðfangsefni áhættustýringar fyrirtækisins lúta að erlendum skuldum, vöxtum og í auknum mæli tekjum sem háðar eru heimsmarkaðsverði á áli og gengi gjaldmiðla. Við lántökur hefur Orkuveitan nýtt sér sveigjanleika um val mynta til að ná hagfelldri samsetningu erlendra skulda. Hefur það reynst fullnægjandi til að ná markmiðum um samsetningu langtímaskulda. Orkuveitan hefur í litlum mæli gert samninga um vaxtaskipti sem hafa það að markmiði að breyta gildandi vaxtaviðmiðum lánasamninga. Orkuveitan hefur einnig gert samninga um framvirk gjaldeyrisviðskipti með það að markmiði að takmarka gengisáhættu.



Orkuveita Reykjavíkur

Samstæðuársreikningur

2006

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma samtæðureikning Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja og greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits fyrirtækisins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 7. mars 2007


Deloitte hf.
Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi


Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og gagnaflutningskerfi á þjónustusvæði sínu auk fráveitu frá og með 1. janúar 2006.


Tap af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2006 nam 1.756 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir fyrirtækisins 137.289 milljónum króna, bókfært eigið fé í lok ársins er 66.671 milljónir króna og er eiginfjárlutfall fyrirtækisins 48,56%.

Í upphafi ársins voru eigendur fjórir en með sameiningu Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar eru eigendur þrír í lok ársins, en þeir eru Reykjavíkurborg með 93,539% eignarhlut, Akraneskaupstaður með 5,528% eignarhlut og Borgarbyggð með 0,933% eignarhlut.


Að álit stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu fyrirtækisins í lok ársins, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. mars 2007

Í stjórn



Guðlaugur Þór Þórðarson
stjórnarformaður


Björn Ingi Hrafnsson



Gunnar Sigurðsson


Haukur Leósson


Sigrún Elsa Smáradóttir


Svandís Svavarsdóttir

Forstjóri


Guðmundur Þóróddsson

Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrartekjur	3	18.101.008	14.727.969
Orkukaup		(3.424.548)	(3.123.828)
Laun og tengd gjöld	5	(2.977.031)	(2.444.404)
Annar rekstrarkostnaður		(3.163.008)	(2.619.551)
Afskriftir	10	(4.573.031)	(3.236.538)
Rekstrarhagnaður		3.963.391	3.303.648
Fjármunatekjur	6	1.077.109	307.363
Fjármagnsgjöld	7	(10.543.462)	759.293
Hagnaður (tap) fyrir skatta		(5.502.963)	4.370.304
Tekjuskattur	8, 20	3.778.508	0
Hagnaður (tap) fyrir hlutdeild minnihluta		(1.724.454)	4.370.304
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfyrirtækja		(31.466)	(11.629)
Hagnaður (tap) ársins		(1.755.920)	4.358.674

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	130.290.766	83.487.814
Óefnislegar eignir	11	0	68.712
Fjárfestingaverðbréf	13	350.848	725.633
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	14	95.212	152.389
Reiknuð skattinneign	20	2.413.578	0
		<u>133.150.404</u>	<u>84.434.548</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	15	675.465	540.030
Viðskiptakröfur	16	2.758.261	2.250.872
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	14	41.310	27.921
Aðrar skammtímakröfur	16	410.459	157.811
Handbært fé		253.171	627.544
		<u>4.138.666</u>	<u>3.604.179</u>
Eignir		<u>137.289.070</u>	<u>88.038.727</u>

31. desember 2006

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
Eigið fé			
Sérstakur endurmatsreikningur		8.731.162	0
Óráðstafað eigið fé		57.823.705	48.213.085
Eigið fé meirihlutaeigenda	17	<u>66.554.866</u>	<u>48.213.085</u>
Hlutdeild minnihluta		115.896	84.541
Eigið fé		<u>66.670.762</u>	<u>48.297.626</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímalán	18	61.265.044	34.754.726
Lífeyrisskuldbinding	19	<u>350.859</u>	<u>269.784</u>
		<u>61.615.903</u>	<u>35.024.510</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		2.338.077	1.504.861
Skuldir við lánastofnanir		660.000	429.499
Næsta árs afborganir langtímaskulda	21	5.123.759	2.360.293
Aðrar skammtímaskuldir	21	<u>880.569</u>	<u>421.937</u>
		<u>9.002.405</u>	<u>4.716.590</u>
Skuldir		<u>70.618.308</u>	<u>39.741.101</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>137.289.070</u></u>	<u><u>88.038.727</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

	2006	2005
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður	3.963.391	3.303.648
Afskriftir	4.573.031	3.236.538
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna	0	(63.418)
Hækkun (lækkun) á skuldbindingum	81.234	28.267
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	8.617.656	6.505.035
Vörubirgðir (hækkun) lækkun	(135.435)	(134.644)
Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun	(653.167)	(229.817)
Viðskiptaskuldir hækkun (lækkun)	479.199	(191.391)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	8.308.253	5.949.183
Innborgaðir vextir og arður	178.512	176.801
Greiddir fjármagnsliðir	(1.866.826)	(946.096)
Handbært fé frá rekstri	6.619.939	5.179.888
Fjárfestingahreyfingar		
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	(19.786.163)	(11.725.691)
Afborganir skuldabréfa	22.745	29.047
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf	1.094.425	36.542
	(18.668.993)	(11.660.102)
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(1.462.460)	(1.417.112)
Afborganir langtímaskulda	(2.987.221)	(2.725.965)
Nýjar langtímaskuldir	15.441.168	11.206.387
Hækkun (lækkun) á skammtímask. við lánastofnanir	660.000	(128.264)
	11.651.487	6.935.046
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(397.567)	454.833
Handbært fé í upphafi árs	627.544	125.713
Breyting vegna dótturfélaga	23.194	46.998
Handbært fé í lok ársins	253.171	627.544
Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri	6.648.416	5.721.558

Skýringar

1. Starfsemi

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og gagnaflutningskerfi á þjónustusvæði sínu auk fráveitu frá og með 1. janúar 2006 en í upphafi ársins sameinaðist Fráveita Reykjavíkur, Fráveita Akraness, Fráveita Borgarbyggðar og Fráveita Borgarfjarðarsveitar Orkuveitu Reykjavíkur. Samanburðartölum hefur ekki verið breytt vegna þessa.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum fyrirtækisins:

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfyrirtækisins og ársreikninga fyrirtækja sem eru undir stjórn þess (dótturfyrirtæki) á reikningsskiladegi

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfyrirtæki er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfyrirtækjum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptrá eða seldra dótturfyrirtækja á tímabilinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfyrirtækja til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Hlutdeildarfyrirtæki

Hlutdeildarfyrirtæki eru fyrirtæki þar sem móðurfyrirtækið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Eignarhlutar í hlutdeildarfyrirtækjum eru færðir meðal fjárfestingarverðbréfa á kostnaðarverði að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu.

Áhættustýring

Megin viðfangsefni áhættustýringar fyrirtækisins lúta að erlendum skuldum, vöxtum og í auknu mæli tekjum sem háðar eru heimsmarkaðsverði á áli. Við lántökur hefur Orkuveitan nýtt sveigjanleika um val mynta til að ná hagfelldri samsetningu erlendra skulda og hefur það reynst fullnægjandi til að ná markmiðum um samsetningu erlendra skulda. Orkuveitan hefur gert samninga um framvirk gjaldeyrisviðskipti og í litlu mæli samninga um vaxtaskipti sem hafa það að markmiði að breyta gildandi vaxtaviðmiðum lánasamninga.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Tekjurnar eru skráðar þegar vörur eru afhentar eða þjónustan hefur verið innt af hendi og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 26%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast fyrirtækinu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast fyrirtækinu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Birgðir

Vörubirgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að fyrirtækið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Sala

Sala fyrirtækisins greinist þannig eftir starfsþáttum:

	2006	2005
Raforkusala	7.865.231	6.643.400
Hitaorkusala	5.104.540	4.796.792
Vatnssala	1.639.562	1.517.722
Fráveita	1.867.702	0
Gagnaflutningur	397.029	377.795
Aðrar tekjur	1.226.944	1.392.260
	<u>18.101.008</u>	<u>14.727.969</u>

Skýringar

4. Greining á rekstri jarðvarmaorkuvera og framleiðslu og sölu á raforku til stóriðju og smásölu

Nesjavallavirkjun, afkomugreining á framleiðslu á raforku og heitu vatni sbr. 5 mgr. 41.gr. laga nr. 65/2003:

	Raforka 2006	Heitt vatn 2006
Tekjur	1.672.936	811.082
Rekstrargjöld	(277.610)	(397.453)
Afskriftir	(530.714)	(271.526)
Reiknaður fjármagnskostnaður (5,5%)	(598.721)	(285.010)
Afkoma	265.891	(142.907)

Framleiðsla og sala á raforku til stóriðju og smásölu

	Stóriðja 2006	Smásala 2006
Rekstrartekjur	1.361.784	3.276.404
Heildargjöld	(1.268.930)	(3.233.854)
Afkoma	92.854	42.550
Afkoma í hlutfalli af rekstrartekjum	6,8%	1,3%

Í heildargjöldum er innifalinn rekstrarkostnaður, raforkukaup og framleiðslukostnaður raforku þar með talið afskriftir og reiknaður fjármagnskostnaður 5,5% vegna fjárfestinga.

5. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2006	2005
Laun	3.033.480	2.486.508
Launatengd gjöld	699.593	502.428
Þar af eignfært á framkvæmdir	(756.042)	(544.532)
	2.977.031	2.444.404
Fjöldi ársverka	626	568

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar, forstjóra og fjögurra framkvæmdastjóra fyrirtækisins á árinu námu um 79 milljónum króna.

6. Fjármunatekjur

	2006	2005
Hagnaður af eignarhlutum í fyrirtækjum	889.738	122.978
Arðstekjur	59.805	12.980
Ábyrgðargjald frá dótturfélögum	1.230	0
Niðurfærsla skuldabréfaeignar	(32.782)	0
Vaxtatekjur	159.118	171.405
	1.077.109	307.363

Skýringar

7. Fjármagnsgjöld

	2006	2005
Gengismunur og framvirkir gjaldmiðlasamningar	(8.220.026)	1.944.895
Fjármagnstekjuskattur	(5.571)	(27.018)
Ábyrgðargjald til eigenda	(120.920)	(70.913)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(2.196.945)	(1.087.671)
	<u>(10.543.462)</u>	<u>759.293</u>

8. Skattamál

